



Landbúnaðartrygging

Skilmáli nr. ED40

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. ED40.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Landbúnaðartrygging er ætluð bændum sem leggja stund á hefðbundnar búgreinar. Sérhæfðan búrekstur verður að tryggja sérstaklega s.s. loðdýra-, yl-, alifugla-, garð- og svínarækt.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. **Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Efnisyfirlit

- I. **Almenn ákvæði**
- II. **Lausafjártrygging**
- III. **Rekstrarstöðvunartrygging**
- IV. **Ábyrgðartrygging bænda**

I. **Almenn ákvæði**

Almenn ákvæði gilda um II., III. og IV. kafla skilmála þessara.

1. **Hver er tryggður?**

- 1.1 Tryggingartaki er tryggður.
- 1.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu tryggða eru ekki meðváttryggðir í skilningi laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

2. **Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu**

- 2.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

3. **Eigendaskipti**

- 3.1 Ef eigendaskipti verða að hinu tryggða fellur tryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. VÍS er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef tryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið tryggingu, þetta á þó ekki við um búfé.

II. **Lausafjártrygging**

4. **Hvað er tryggt?**

- 4.1 Tryggingin tekur til búfjár, heyja og annars fóðurs, samkvæmt upplýsingum úr forðagæsluskýrslum.
- 4.2 Þá tekur tryggingin til áhalda og tækja búsinns sem tilheyra hefðbundinni búfjárrækt, að vélknúnum ökutækjum undanskildum.



5. Hvar gildir tryggingin?

5.1 Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

6. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?	Varúðarreglur sem tryggður þarf að fara eftir:
6.1 Eldsvoði	a) Tjón af völdum eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.	b) Tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu þurrkun, reykingu eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast. c) Tjón á raftækjum eða rafeindatækjum er orsakast af skammhlaupi eða öðru rafmagnsfyrirbrigði eingöngu, spani frá rafmögnum óveðri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða.	d) Tryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
6.2 Óveður	a) Tjón af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna teljast eingöngu þau tjón sem verða þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta þess húss sem hið tryggða er geymt í. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tryggingaratburðurinn átti sér stað.	b) Óveðurstjón á hinu tryggða sem er úti.	
6.3 Raflost	a) Tjón á hinu tryggða búfé verði það fyrir raflosti og drepist.		
6.4 Umferðaróhapp	a) Tjón á hinu tryggða búfé drepist það af völdum umferðaróhapps og tjónið fæst ekki bætt af tjónvaldi eða úr ábyrgðartryggingu viðkomandi ökutækis.		

7. Háttsemi annarra

7.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða.

7.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs umsjónarmanns hins tryggða.

8. Tryggingarfjárhæð

8.1 Tryggingarfjárhæð reiknast út frá heymagni og dýrafjölda samkvæmt forðagæsluskýrslum og viðmiðunarverði frá Bændasamtökum Íslands að viðbættir ákveðinni prósentu vegna áhalds og tækja.

8.2 Tryggingarfjárhæðin breytist við endurnýjun.

9. Tryggingarverðmæti

9.1 Þrátt fyrir 8. gr. eru bætur miðaðar við heildar tryggingarverðmæti tryggðra muna í eigu tryggðs á tjónsdegi.

10. Ákvörðun bóta vegna búfjár og fóðurs

10.1 Bætur skulu miðaðar við viðmiðunarverð frá Bændasamtökum Íslands á tjónsdegi.

11. Ákvörðun bóta vegna áhalds og tækja

11.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.

11.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.



- 11.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi verið greiddar bætur skv. þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 11.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 11.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

III. Rekstrarstöðvunartrygging

12. Hvar gildir tryggingin?

- 12.1 Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

13. Hvað bætir tryggingin?

- 13.1 Tryggingin bætir framlegðartap sem tryggður verður fyrir við stöðvun rekstrar á tryggingartímabilinu og leiðir til samdráttar í kjötframleiðslu af völdum bruna.
- 13.2 Tryggingin tekur einnig til óhjákvæmilegs aukakostnaðar sem tryggður verður fyrir á bótatímanum og beinlínis verður rakinn til þess að fjárhús eða kálfaeldishús tryggðs verður ekki notað af völdum bruna.
- 13.3 Það er skilyrði bótaskyldu samkvæmt gr. 13.1 og 13.2 að tjón sem olli rekstrarstöðvuninni sé bótaskyldt úr lausafjártryggingu landbúnaðartryggingarinnar, sbr. II. kafli.

14. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 14.1 Tryggingin bætir ekki aukið framlegðartap sem hlýst af rekstrartöfum vegna endurbóta, stækkunar, fjármagnsskorts, fyrirmæla hins opinbera eða sambærilegra atvika.
- 14.2 Tryggingin bætir ekki aukið rekstrartap sem hlýst af verkbanni og/eða verkfalli.

15. Háttsemi annarra

- 15.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða.
- 15.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs umsjónarmanns hins tryggða.

16. Tryggingarfjárhæð

- 16.1 Tryggingarfjárhæð skal nema áætlaðri brúttóveltu tryggðs vegna kjötframleiðslu seinustu 12 mánuðina fyrir tjónsatburð.
- 16.2 Með brúttóveltu er átt við bókfærða sölu vegna kjötframleiðslu auk opinberra beingreiðslna sé um þær að ræða að frádregnum virðisaukaskatti.

17. Ákvörðun bóta

- 17.1 VÍS greiðir bætur að hámarki í 24 mánuði en þó aldrei fyrir lengra tímabil en að kjötframleiðsla tryggðs hafi náð framlegð eins og hún var á tjónsdegi.
 - 17.1.1 Bætur úr tryggingu þessari skerðast vegna eigin sakar tryggðs í sama hlutfalli og bætur úr lausafjártryggingu (II. kafli).
- 17.2 Tryggður á aldrei rétt á hærri bótum en með þarf til að bæta tjón það sem hefur orðið fyrir og tryggingin tekur til.
- 17.3 Bætur miðast við sama hlutfall af bótagrundvellingnum og samdráttur í kjötframleiðslu tryggðs varð vegna tjónsatburðarins.
- 17.4 Ef útgjöld sparast á bótatímanum lækka bætur að sama skapi. Opinberir styrkir sem tryggður kann að eiga rétt á koma einnig til lækkunar bóta.
- 17.5 Sé ekki fyrirhugað að hefja kjötframleiðslu tryggðs að nýju miðast bótafjárhæð við þann tíma sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju, þó aldrei lengur en 24 mánuði. Bætur á þessu tímabili miðast við óhjákvæmilegan, sannanlegan kostnað tryggðs.
- 17.6 Hafi kjötframleiðslan stöðvast varanlega af orsökum sem tryggður ræður ekki við greiðast bætur samkvæmt gr. 17.3, þó aldrei í lengri tíma en eðlilegt hefði mátt telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju og aldrei lengur en 24 mánuði.
- 17.7 Greiðsla aukakostnaðar er háð samþykki VÍS hverju sinni bæði hvað varðar fjárhæð og eðli útgjalda.



IV. Ábyrgðartrygging bænda

Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum saknæmum og ólögnum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir tryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakara eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem tryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber tryggðum að leita samráðs við VÍS um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er tryggðum bent á að lesa ábyrgðartryggingarskilmálann með þetta í huga.

Viðurkenning tryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki VÍS. Tryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

18. Hvar gildir tryggingin?

18.1 Tryggingin gildir á Íslandi.

19. Hvenær gildir tryggingin?

- 19.1 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
- 19.2 Komi afleiðingar tjónsatburðar sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.
- 19.3 VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

20. Hvað bætir tryggingin?

20.1 Tryggingin bætir beint líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakara eða meðábyrgðar.

21. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 21.1 Tryggingin bætir ekki:
- Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
 - Tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem:
 - Tryggður á einn eða með öðrum.
 - Tryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem tryggður hefur tekið í heimildarleysi.
 - Tryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.
 - Tjón sem leiðir af skaðabótaábyrgð sem fellur á tryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips eða báts.
 - Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
 - Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
 - Tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. VÍS bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar.
 - Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
 - Endurkröfu frá almannatryggingum.
 - Munatjón sem stafar af sprengingum, uppgreftri, aur- eða skriðuhlaupum, jarðsigi eða af því að stífla eða flóðgarður brestur.
 - Tjón vegna byggingarframkvæmda á fasteign sem tryggður er eigandi að.

22. Varúðarreglur

22.1 Tryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eituris eða annarra álíka hættulegra efna.



- 22.2 Tryggðum og starfsmönnum hans er skylt að gæta þess að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir sem hafa kunnáttu til að stjórna slíkum tækjum og lögskilin réttindi þar sem þeirra er krafist.
- 22.3 Áður en hafinn er gröftur í jörðu skulu tryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.
- 22.4 Tryggður skal fara eftir fyrirmælum í lögum og reglugerðum að því er varðar mengunarvarnir.

23. Áhættubreyting

- 23.1 Tryggður skal tilkynna VÍS um allar breytingar á umfangi og eðli atvinnurekstrarins sem haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð VÍS falli niður í heild eða að hluta.¹

24. Tryggingarfjárhæð

- 24.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tjónsatburðar.
- 24.2 Verði tryggður bótaskyldur vegna hluta sem hann hefur afhent takmarkast ábyrgð VÍS á hverju tryggingartímabili einnig við fyrrgreinda tryggingarfjárhæð. Þetta gildir þótt fleiri en eitt tjónsatvik verði á árinu.
- 24.3 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til þess að skera úr um bótaskyldu tryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni.
- 24.4 Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem VÍS ber að greiða.

25. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 25.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.
- 25.2 Bætur sem greiða ber af umsaminni atvinnuslysatriyngingu tryggðs koma að fullu til frádráttar bóttum úr ábyrgðartryggingu þessari. Sama gildir þótt umsamin atvinnuslysatriynging sé ekki fyrir hendi. Kaup sem tryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningum að greiða manni er orðið hefur fyrir slysi kemur að fullu til frádráttar frá bóttum úr ábyrgðartryggingu þessari.

26. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 26.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 26.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 26.3 EF ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 26.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 26.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

27. Staða tjónþola við tjón

- 27.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 27.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 27.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 27.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

28. Meðferð bótakrafna

- 28.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.

¹ Sbr. 24. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



- 28.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.